

Minjavernd



Ólafsdalur í Dalabyggð – deiliskipulag

GREINARGERÐ

dags. 16. janúar 2017, br. 21. febrúar 2017.

Uppfært. 6. febrúar 2018



LANDMÓTUN.

Yngvi Þór Loftsson landslagsarkitekt, María Guðbjörg Jóhannsdóttir skipulagsfræðingur og Óskar Örn Gunnarsson skipulagsfræðingur

í samstarfi við:



Hjörleifur Stefánsson arkitekt



Birna Lárusdóttir fornleifafræðingur

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í umhverfis- og skipulagnefnd þann _____ 2018 ___ og í sveitarstjórn Dalabyggðar þann _____ 2018 ___ .

Tillagan var auglýst frá _____ 2018 með athugasemdafresti til _____ 2018__

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 2018.

_____ 2018

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR.....	5
1.1 Forsaga.....	5
1.2 Fyrirliggjandi skipulagsáætlanir	7
1.3 Náttúrufar og náttúruvá	7
1.4 Skipulagssvæðið og fyrirhuguð uppbygging	9
1.5 Markmið deiliskipulagstillögunnar.....	12
1.6 Skipulagsgögn og kortagrunnar	12
2 ALMENNIR SKILMÁLAR.....	12
2.1 Almennir skilmálar	12
2.2 Umferð og bílastæði	12
2.3 Vatnsveita og frárennsli	12
2.4 Sorphirða.....	13
2.5 Brunavarnir	13
2.6 Byggingarreitir.....	13
2.7 Lóðarmörk.....	13
2.8 Hönnun og byggingarnefndarteikningar.....	14
2.9 Fornminjar.....	14
2.10 Skráning fornminja.....	15
2.11 Um menningarlandslag, uppgræðslu og vernd.....	19
3. SÉRSKILMÁLAR	20
3.1 Almennt	20
3.2 Lýsing og skilmálar fyrir mannvirki innan deiliskipulagssvæðisins.....	21
3.2.1 Skólinn.....	21
3.2.2 Gamla skólahúsið -Suðurhúsið (Nr. 3 á ljósmynd, nr. 005 í fornleifaskrá).....	22
3.2.3 Mjólkurhúsið/Vatnshús (Nr. 1 á ljósmynd, nr. 048 í fornleifaskrá).....	23
3.2.4 Smiðjan (Nr. 8 á ljósmynd, nr. 003 í fornleifaskrá).....	23
3.2.5 Hjallur (nr. 015 í fornleifaskrá)	24
3.2.6 Fjós og haughús (Nr. 4 og 5 á ljósmynd, nr. 004 í fornleifaskrá).....	24
3.2.7 Fjóshlaða og hesthús (nr. 006 í fornleifaskrá)	25

3.2.8	Torfkofi (Nr. 2 á ljósmynd, nr. 080 í fornleifaskrá)	25
3.2.9	Rústir fjárhúss, fjárhúshlöðu, hrútakofa, hæsnakofa og kvía (Nr. 10 á ljósmynd, nr. 013 og 014 í fornleifaskrá)	26
3.2.10	Óþekkt hús norðan við skólahúsið (Nr. 11 á ljósmynd, nr. 042 í fornleifaskrá)	26
3.2.11	Tóvinnuhús og Vélalækur (Nr. 12 á ljósmynd, nr. 063 og 054 í fornleifaskrá)	27
3.2.12	Fjárhús- og hlöðutóftir sunnan Hávallar (Nr. 13 á ljósmynd, nr. 009.....	28
	í fornleifaskrá)	28
3.2.13	Fjárhús- og súrheystóftir (Nr. 14 á ljósmynd, nr. 023 í fornleifaskrá)	29
3.2.14	Bæjarlækurinn (nr. 064 í fornleifaskrá)	30
3.2.15	Traðirnar heim að bænum (012 í fornleifaskrá).....	31
3.2.16	Leifar kerruvegar milli skólans og tóvinnuhússins og að mógröfum	31
3.2.17	Túnvegurinn upp að gamla bæjarstæðinu (nr. 095 í fornleifaskrá)	32
3.2.18	Tækjaskemma, nýbygging	32
4.	UMHVERFISÁHRIF	33
5.	AUGLÝSING.....	33
5.1	Auglýsingatími.....	33
5.2	Athugasemdir og afgreiðsla	33
5.3	Afgreiðsla eftir auglýsingu	34
6.	HEIMILDASKRÁ	35
7.	VIÐAUKI-FORNLEIFASKRÁ	36

1. INNGANGUR

1.1 Forsaga



Ólafsdalur um 1900. Torfi Bjarnason stendur í tröppunum (mynd: LÍ).

Ólafsdalur í Gilsfirði er meðal merkustu sögu-, menningar- og minjastaða á Vesturlandi og við Breiðafjörð. Torfi Bjarnason stofnaði fyrsta bændaskóla landsins í Ólafsdal árið 1880 og rak hann til 1907. Þar innrituðust 154 nemendur af landinu öllu. Þá var einnig starfræktur nokkurs konar kvennaskóli í Ólafsdal undir stjórn húsfreyjunnar Guðlaugar Zakaríasdóttur. Vinnukonurnar voru allt að 15 að sumarlagi en auk þess komu þangað stúlkur gagnert til að læra heimilishald, tóvinnu o.fl. (RG 2014).



Byggingar, vatnsveita og tún í Ólafsdal 1905 (mynd: Jón Guðmundsson/LÍ).

Margar byggingar risu í Ólafsdal á þeim árum sem skólinn var starfræktur. Mest þeirra var skóla- og íbúðarhús frá 1896. Athyglisvert einkenni bygginganna í Ólafsdal er notkun tilhöggvins steins enda var „Að sprengja grjót með púðri og fleygum“ heiti einnar verknámsgreinar við skólann. Í dagbók Torfa má sjá að hann hefur m.a. kynnt sér steinsmíði þegar hann dvaldi í Skotlandi árin 1866-1867. Traustur grunnur skólahússins frá 1896 svo og útveggir mjólkurhúss og fjóss sýna að mikil og vönduð vinna hefur verið lögð í steinsmíðina.

Menningarlandslag í Ólafsdal er mjög merkilegt á landsvísu. Vegna hóflegra síðari tíma framkvæmda má enn sjá þar minjar um upphaf nútíma jarðræktar í fjölmörgum myndum frá

tímum Ólafsdalsskólans. Minjarnar eru afar merkur hluti íslenskrar búnaðarsögu, sem hlífa þarf og sýna verðskuldaða athygli. Þar má nefna mikla hlaðna garða umhverfis tún, stóra nátthaga og umfangsmiklar beðasléttur, líklega þær mestu og best varðveittu á Íslandi. Einnig eru í Ólafsdal merkilegar vatnsmiðlanir, s.s flóðveita, manngerður bæjarlækur og veitumannvirki til að knýja vélar tóvinnuhússins (1898-1909). Allt er þetta, auk húsaleifa, hluti af órjúfanlegri minjaheild sem er einstök, enda að mestu leyti heildstæð, vel varðveitt og til vitnis um merkilegar framfarir og tilraunir í landbúnaði sem síðan breiddust út um landið. Auk þeirrar minjaheildar sem á rætur að rekja til búnaðarskólans sjást merki um eldri minjar í Ólafsdalstúni, til að mynda er eldri bæjarhóll enn svo til óraskaður austan við skólahúsið (skammt utan deiliskipulagsreits). Með góðu skipulagi og framtíðarþróun er hægt að halda minjaheildinni til haga og kynna fyrir almenningi og ferðamönnum, enda er landslagsheildin í Ólafsdal sérlega vel til þess fallin.

Búskapur var áfram í Ólafsdal fram yfir 1970. Nokkru seinna var skólahúsið tekið í notkun sem skólasel Menntaskólans við Sund en stóð eftir það að mestu autt og yfirgefið til 1994. Skólahúsinu var forðað frá eyðileggingu 1995-1996 að frumkvæði Sturlaugs Eyjólfssonar bónda á Efri-Brunná en endurreisn staðarins hófst árið 2008, með tilkomu Ólafsdalsfélagsins sem vann að ýmsum framkvæmdum til viðhalds og endurbóta á mannvirkjum staðarins (RG 2014).

Minjavernd eignaðist hluta jarðarinnar skv. samningi við ríkið árið 2015 og undirgengst það verkefni að endurbyggja þau hús sem uppi standa í Ólafsdal að einhverju leyti og endurbyggja þau hús sem áður stóðu þar og tengdust rekstri og starfrækslu skóla Torfa Bjarnasonar.



Frá Ólafsdalshátíð (mynd: RG).

Í deiliskipulaginu er lögð áhersla á að samþætta niðurstöður fornleifaskráningar og áætlanir um framtíðarþróun og -hlutverk staðarins, enda ljóst að söguleg dýpt Ólafsdals kemur fram í heildarásýnd staðarins þar sem landslag með fornminjum og húsaleifum móta staðarandann. Heildarsýn skipulagsins miðar að því að gera landslagi frá tíð búnaðarskólans sem hæst undir höfði, m.a. með uppbyggingu og áherslu á varðveislu, rannsóknir og fræðslu. Hér er um

frumkvöðlaverkefni að ræða, enda ekki einungis fyrirhugað að endurbyggja hús heldur einnig að huga að landslaginu í heild og viðhalda mannvirkjum á borð við áveitur og kerruvegi.


1.2 Fyrirliggjandi skipulagsáætlanir

Samkvæmt aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016 sem var staðfest 24. ágúst 2009 er jörðin landbúnaðarsvæði. Jafnframt er skilgreint svæði fyrir þjónustustofnun (S14), þar sem segir að haldið verði áfram að gera við gömlu húsin í Ólafsdal og að þar verði komið upp safni og/eða fræðasetri. Stærð lóðar er 0,3 ha.

Landbúnaðarráðuneytið gaf í desember árið 2005 út greinargerð og tillögur um þjóðjarðir. Þar er lagt fram að ákveðnar ríkisjarðir verði áfram þjóðareign og skilgreindar sem þjóðjarðir. Um er að ræða jarðir sem hafa sérstaka þýðingu vegna sögu, sérstæðrar náttúru, legu, menningar og minja. Í Dalabyggð flokkast tvær jarðir sem þjóðjarðir, annars vegar Hvammur í Dölum vegna sögulegs og menningarlegs gildis og hinsvegar Ólafsdalur vegna merkrar sögu staðarins.

Í framhaldi af því var í aðalskipulagi Dalabyggðar skilgreint hverfisverndarsvæði (H9) í Ólafsdal. Afmörkun svæðisins nær til gömlu skólahúsanna, búnaðarskólans ásamt útihúsum og aðliggjandi land upp í 250 - 300m hæð yfir sjó.

Í ákvæðum hverfisverndar segir; „Stuðlað verði að varðveislu menningarminja í Ólafsdal sem tengjast fyrsta búnaðarskóla Íslands“.



Hluti af aðalskipulagsupprætti Dalabyggðar, hverfisverndarsvæðið er hvítstrikað (kort:LM).

1.3 Náttúrufar og náttúruvá


Ólafsdalur er allvíður og skorinn inn í hálendið suður úr Gilsfirði, á milli Breiðafjarðar og Húnaflóa. Land jarðarinnar nær frá fjöruborði til fjallabrúna. Gróið land jarðarinnar er í meginatriðum þrenns konar: Á eyrum og á framburði Ólafsdalsár, brattar þurrlandishlíðar upp til skriðufóta og síðan deiglendi. Norðan við heimatún og syðst í því er það þurrlandi á skriðufótum sem mótar landið en milli þessara skriða er deiglendi, þar sem drjúgur hluti túna er. Kostir jarðarinnar voru tiltölulega mikið landrými og kjarnmikið beitland. Rúmar slægjur hafa verið á deiglandinu heima við bæ sem og á engjum frammar í dalnum þar sem var einnig

mótak mikið og gott. Áður en Torfi hóf að bæta jörðina fengust af túninu, sem að mestu mun hafa verið ósléttað, um 100-150 hestar heys. Líkt og algengast var má ætla að meginhluti heyfengs hafi verið úthey af engjalöndum. Í tíð Búnaðarskólans jókst heyfengur mikið og náði allt að rúmum 600 hestum, að því er ætla má vegna jarðarbóta og drjúgs vinnuframlags skólapilta.

Ekki liggur fyrir nákvæmt gróðurkort af Ólafsdal en skv. grófu gróðurkorti Náttúrfræðistofnunar Íslands er Ólafsdalur gróðurgreindur sem mólendi, graslendi og ræktað land á láglendi og mosagróður í fjallshlíðum. Megin hluti deiliskipulagssvæðisins eru ræktað tún frá tímum skólans, áreyrar eru meðfram Ólafsdalsá og melar sunnan Gullkinnar, en það er syðsti hluti hin ræktað túns.



Horft frá göngulóða neðan Bæjarvallar inn Ólafsdal (mynd:YPL).



Tíðni vindátta (%) í Gilsfirði 1997-2009 (VÍ).

Vegagerðin rak sjálfvirka veðurstöð á Kaldrana við Gilsfjörð á árunum 1997 til 2009. Mælingar sýna að þar er austnorðaustanátt út fjörðinn ríkjandi og hvassviðri koma úr norðaustri til austnorðausturs. Ólafsdalur liggur nær þvert á Gilsfjörð og því má gera ráð fyrir töluvert annarri tíðni vindátta þar (Veðurstofa Íslands 2015).

Staðkunnugir í Ólafsdal segja að vindhviður úr suð-austri séu algengar í dalnum.

Ekki hefur verið gerð úttekt á hættusvæðum í Dalabyggð en ljóst er að svæðið er utan jarðskjálfta- og eldgosasvæða. Áætluð er borun á prufuholum til að kanna jarðhitastig.

1.4 Skipulagssvæðið og fyrirhuguð uppbygging


Umráðaland Ólafsdalsjarðarinnar er 328 ha og nær frá flæðarmáli og upp í 200 m h.y.s. Séreignarland jarðarinnar er 57,5 ha. Deiliskipulagssvæðið er innan séreignarlandsins og tekur til svæðis þar sem flestar búsetuminjarnar eru og fyrirhuguð endurbygging mannvirkja með tilheyrandi byggingarskilmálum og verndarákvæðum.

Skýringaruppdráttur tekur til umráðalandsins þar sem gerð verður grein fyrir örnefnum, minjum og gönguleiðum út frá deiliskipulagssvæðinu. Ekki er í gildi deiliskipulag af svæðinu eða hlutum þess. Markmið deiliskipulagsins er fyrst og fremst verndun og viðhald menningarlandslags í Ólafsdal og uppbygging menningartengdrar ferðapjónustu. Minjavernd undirgengst með samningi við ríkið að annast viðhald bygginga í Ólafsdal og að endurreisa hús og valin mannvirki sem hafa fallið eða verið rifin. Um er að ræða nýja skólahúsið, fjósið og mjólkurhúsið sem enn standa að hluta en jafnframt smiðjuna, gamla skólahúsið, hjallinn, tóvinnuhúsið og flest þau hús sem byggð voru á tímum búnaðarskólans. Bæði er um að ræða hús úr timbri og hús úr torfi og grjóti, en þau síðarnefndu verða reist við hlið eldri rústa. Auk þess er ráðgert að endurbyggja kerruveg og viðhalda áveitumannvirkjum.

Endurbýggingar fara fram að undangengum nauðsynlegum fornleifarannsóknum, en þeim er ætlað að varpa nauðsynlegu ljósi á gerð mannvirkja en einnig að uppfylla ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. Miðað er við að öll húsini verði í framtíðinni nýtt til þjónustu ferðamanna. Með endurbýggingu og endurgerð húsanna í Ólafsdal yrði menningar- og sögutengd ferðaþjónusta við Breiðarfjörð styrkt til muna. Könnun verður gerð á jarðhita í Ólafsdal með það í huga að nýta hann til hitunar á húsum.



Horft frá Skólahúsi yfir Gilsfjörð, minnisvarði er fyrir miðri mynd (mynd: YPL).



Afmörkun umráðalands, séræignarlands og deiliskipulagssvæðis.

1.5 Markmið deiliskipulagstillögunnar

Megin markmið deiliskipulagsins er að stuðla að varðveislu þeirra merku minjaheildar sem er í Ólafsdal með því að:

- Endurbæta valin hús og mannvirki sem uppi standa og tengdust rekstri og sögu skólans
- Endurbyggja valin hús og mannvirki sem áður stóðu þar og tengdust rekstri og sögu skólans
- Vernda og halda til haga ummerkjum um búskapar- og jarðræktarsögu
- Vernda náttúrulegt gróðurfar og stuðla að uppgræðslu
- Uppbygging og skipulag á svæðinu taki mið af menningarlandslagi og minjum sem fyrir eru

Við endurbyggingar er fyrst og fremst höfð hliðsjón af mannvirkjum sem eru sýnd á ljósmynd frá því um 1900 og túnakorti frá 1905.

1.6 Skipulagsgögn og kortagrunnar

Skipulagið er unnið á grunna frá Loftmyndum ehf.

Deiliskipulagsgögn eru: Greinargerð þessi dagsett 21. febrúar 2017.

Deiliskipulagsuppráttar A1 í mkv. 1:1000., dagsettur 21. febrúar 2017.

Skýringaruppráttar A2 í mkv. 1:7500. Dagsettur 19.júlí 2016.

2 ALMENNIR SKILMÁLAR

2.1 Almennir skilmálar

Almennir skilmálar gilda um ræktunarmínjar og útihús á skipulagssvæðinu, nema annað sé tekið fram í sérskilmálum einstakra minja.

2.2 Umferð og bílastæði

Aðkoma að svæðinu er frá Steinadalsvegi (690) sem er tengivegur. Þaðan liggur vegur að skólahúsinu. Norðan og austan við skólahúsið verður bílastæði fatlaðra og aðkoma fyrir aðföng. Gert er ráð fyrir að bílastæði og umferð einkabíla og fyrir rútur verði að bílastæðum á bökkum Ólafsdalsár og eftir atvikum á mel vestan við Skottið.

2.3 Vatnsveita og frárennsli

Núverandi vatnsból með miðlunartanki er utan við deiliskipulagssvæðið sbr. eftirfarandi skýringarmynd. Vatnslögnin sem er 50 mm var lögð á ská rétt norðan gamla bæjarhólsins og þaðan í beina línu að norðurenda skólahússins og er um 300 m löng. Heilbrigðiseftirliti Vesturlands tók vatnsveituna út 2009.

Gert er ráð fyrir að nota varmaskiptahitun fyrir hús a.m.k að hluta til. Við það verður notast við hita frá borholum. Á uppdrætti eru sýndar borholur, bæði núverandi og framtíðarborhola. Ekki eru skilgreindir sérstakir byggingareitir fyrir mannvirki sem nauðsynleg eru fyrir holurnar, en heimilt verður að koma fyrir litlum mannvirkjum við þær.



Núverandi vatnsból

Gerð er krafa um að fráveitumálum verði þannig háttað að fráveita verði með þriggja þrepa hreinsun eða öðrum aðferðum sem hafa ekki meiri umhverfisáhrif á viðtaka í samræmi við ákvæð 2. mgr. 7. gr. reglugerðar um fráveitur og skólþ. Vanda þarf annað þrep hreinsunarinnar og gera ráð fyrir fituskilju á fráveitu frá veitnaaðstöðu. Skólabyggingin er tengd við núverandi rotþró sem er 6.800 lítra. og er staðsetning sýnd á deiliskipulagsuppdraettinum.

Almennt er gert ráð fyrir að lagnir verða staðsettar í og við vegi og stíga og skal staðsetning rotþróar sýnd á byggingarnefndarteikningum.

2.4 Sorphirða

Sorphirða á svæðinu er hluti af almennri sorphirðu í Dalabyggð. Gerð er krafa um skýli fyrir tvö ílát til flokkunar.

2.5 Brunavarnir

Um brunavarnir gilda ákvæði byggingarreglugerðar nr. 112/2012.

2.6 Byggingarreitir

Byggingarreitir á deiliskipulagsuppdraetti sýna hámarksgrunnflöt og skulu byggingar vera innan byggingarreits með eftirfarandi undantekningum: Einstakir byggingarhlutar, s.s. brunastigar, reykháfar, skyggni, gluggafrágangur, pallar og svalir mega skaga út fyrir byggingarreit, þar sem aðstæður leyfa m.t.t. nálægðar aðliggjandi byggingar. Heimilt er að tengja saman hús neðanjarðar með göngum og mega slík göng vera utan byggingarreita.

2.7 Lóðarmörk

Lóðarmörk eru þau sömu og skilgreind eru sem séreignaland í samningi Minjaverndar og ríkisins um endurreisn bygginga og menningarlandslags frá 19. ágúst 2015. Innan lóðarinnar eru öll mannvirki sem stendur til að byggja upp sbr. kafli 3.1. Afmörkun lóðar eru sýnd á skýringaruppdraetti deiliskipulagsins.

2.8 Hönnun og byggingarnefndarteikningar

Fylgt verður alþjóðlegum viðmiðum á borð við Feneyjarskrána um meðferð húsa og annarra minja. Þau hús sem enn eru uppi standandi að öllu eða einhverju leyti verða endurbætt og/eða endurbyggð eftir því sem við á. Öll torfhús frá blómaskeiði Ólafsdalsskólans eru nú fallin og aðeins eftir rústir þeirra eða leifar af þeim. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir að torfhúsin megi endurbyggja í svipaðri mynd og áður var. Ekki verður hreyft við rústum gömlu húsanna, en nýju húsin byggð við hlið viðkomandi rústar, enda litið svo á að rústirnar séu til prýði og hafi talsvert upplýsingagildi í sjálfu sér.



Horft yfir Bæjarhólinn og beðasléttur (mynd: BL).


Byggingarreitir eru markaðir nokkru stærri en sem nemur áætluðum grunnfleti húsanna svo að svigrúm verði til að laga húsin að nýrri notkun. Öllum húsum verða fengin ný hlutverk til að treysta rekstrargrundvöll Ólafsdals. Húsin verða endurbætt og endurbyggð með aðferðum sem hæfa upphaflegri gerð þeirra. Stærð þeirra, lögun, byggingarefni og byggingaraðferð mun í aðalatriðum taka mið af upphaflegri gerð þeirra en þó með þeim frávikum sem nýtt hlutverk þeirra kallar á og byggingarreglugerð kveður á um. Gerð er grein fyrir hverju húsi um sig í kafla 4. um sérskilmála. Kjallarar undir húsum eru heimilaðir fyrir stoðrými eins og tæknibúnað sem nútíma notkun húsanna kallar á, geymslur, þvottahús o.fl. Neðanjarðargangar milli húsa eru heimilaðir utan byggingarreita.

2.9 Fornminjar

Fornleifar hafa verið skráðar á því svæði sem deiliskipulagið nær til og er fornleifaskráningin fylgirit með deiliskipulaginu og hluti af því. Samkvæmt 1. mgr. 29. gr. laga um menningarminjar 80/2012 teljast öll hús og mannvirki sem verða orðin 100 ára eða eldri friðuð. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir að hluta mannvirkja í Ólafsdal, sem teljast til fornleifa verði haldið við og mannvirkin notuð áfram í nýju samhengi. Þetta á til dæmis við um kerruveg (007) og lækjarfarveg þann sem bæjarlækur rennur um (064).

2.10 Skráning fornminja


Í júní 2016 skráðu Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir hjá Fornleifastofnun Íslands ses. fornleifar á deiliskipulagssvæðinu. Fornleifaskráin er í viðauka. Verkið var unnið skv. kröfum sem gerðar eru við deiliskipulag og farið eftir lögbundinni skilgreiningu fornleifa (sjá lög um menningarminjar nr. 80/2012). Allir minjastaðir innan deiliskipulagssvæðisins sem þekktir voru úr heimildum voru skráðir og áður óþekktir staðir að auki.



Kortið sýnir fornleifar (gulir punktar). Beðasléttur eru sérstaklega aðgreindar (brún yfirstrikun), einnig garðlög (rauð lína) og áveituskurðir (blá lína). Svört lína sýnir deiliskipulagsmörk (mynd: BL).

Allar sýnilegar minjar á borð við rústir, garðlög, beðasléttur og áveituskurði voru mældar upp með DGPS tæki. Að auki voru teknar loftmyndir af túninu úr flygildi þegar sól var lágt á lofti og fylgja nokkrar þeirra greinargerðinni og fornleifaskránni hér aftan við. Engar fornleifarannsóknir hafa áður farið fram í Ólafsdal svo vitað sé en Bjarni Guðmundsson og Ragnhildur Helga Jónsdóttir hjá Landbúnaðarháskóla Íslands hafa á undanförunum árum unnið að rannsókn á ræktunarminjum frá tíð búnaðarskólans (Bjarni Guðmundsson og Ragnhildur Helga Jónsdóttir 2016). Niðurstöður þeirra liggja ekki fyrir þegar þetta er ritað en þau veittu þó góðfúslega aðgang að skýrsludrögum meðan á fornleifaskráningunni stóð. Í framhaldinu er ráðgert að skrá minjar á allri jörðinni með sama hætti síðsumars 2016 og mun ítarleg skýrsla

fylgja í kjölfarið. Númer fornleifa í textanum hér á eftir vísa í fornleifaskrá í viðhengi deiliskipulagsgreinargerðarinnar.



Kort sem sýnir flokkun landfræði- og menningarsögulegra einkenna á deiliskipulagsreit: Elsta túnið er markað með bláum lit, túnauki með gulum og ólitað svæði þar utan við er óræktað, holt og áreyrar. Byggt á túnakortum frá 1884/1888 og 1905 (mynd: BL).

Alls voru skráðar tæplega 70 minjar á deiliskipulagssvæðinu, bæði hús með uppistandandi veggjum, óljós tóftabrot, garðlög, beðasléttur og áveituskurðir svo eitthvað sé nefnt. Þá voru skráðir staðir þar sem mannvirki eru sýnd á gömlum túnakortum en lítið sem ekkert er sýnilegt í dag. Deiliskipulagsreiturinn nær yfir svæði sem er alls um 11 hektarar. Svæðið innan hans hefur stærstum hluta verið tún – bæði eldra tún og túnauki sem hefur verið unninn á bilinu

1888-1905. Reitnum má skipta upp í þrjá flokka eftir landfræði- og menningarsögulegum einkennum:

- I. Gamalt tún (blátt). Norðurhluti svæðis, austan áreyra, tekur yfir hluta túnsins eins og það er sýnt á elstu túnakortum (1884/1888). Austurhluti elsta túnsins er þó ekki inni á deiliskipulagssvæðinu og þar með ekki gamla bæjarstæðið, sem hér er sýnt á korti með rauðri brotalínu. Flestir byggingareitir eru á þessu svæði.
- II. Nýrækt eftir 1888 (gult). Svæðið sunnan miðju (og norðan), sem er nýrækt frá tíð búnaðarskóla syðsti hluti nefndur Gullkinn, fyrst sýnt á túnakorti 1905.
- III. Svæði utan túns – áreyrar, óræktað holt og jaðar mómyrar (ólitað). Þetta er syðsti hluti svæðisins og vesturjaðarinn, ræma sem liggur meðfram Ólafsdalsá, er flatar áreyrar, fremur harðlendar og rýrar. Þar er ekki vitað um mörg mannvirki.

Fleiri túnakort eru til af túnum í Ólafsdal en á flestum öðrum jörðum á Íslandi, enda hafa skólapiltar oft verið látnir mæla og teikna túnið upp. Kortin, sem fylgja í viðauka um fornleifaskráningu eru nokkuð misjöfn en á þeim bestu sjást mörk túns, garðlög, traðir, hús og auk þess er tilgreint hvaða hlutar túns eru sléttir, þýfðir eða mýrlendir. Kortin sýna staðsetningu mannvirkja, t.d. útihúsa og breytingar á húsaskipan á tímabilinu 1884-1918, en sömuleiðis sést hvernig túnið var fært út í tíð búnaðarskólans. Túnmörkin virðast lítið sem ekkert hafa breyst eftir 1905. Í skráningunni var stuðst við fjögur túnakort: frá 1884 og 1888, sem sýna nær engar breytingar á þeim árum og einnig kort frá 1905 og 1918 en á þeim sést m.a. útfærsla á túnum til norðurs og suðurs (sbr. meðfylgjandi kort). Önnur afar mikilvæg heimild um byggingar á staðnum eru ljósmyndir sem eru varðveittar á Þjóðminjasafni Íslands sem sýna m.a. vel mannvirki og fólk að störfum í Ólafsdal rétt um 1900. Þessi gögn ásamt fornleifaskráningunni varpa ljósi á þróun Ólafsdalstorfunnar og varðveislu minja á staðnum.

Gamla bæjarstæðið er í túninu ofan og austan við deiliskipulagsreit og þar eru engar framkvæmdir eða byggingar fyrirhugaðar. Húsatorfan austan og sunnan við skólahúsið virðist hafa verið reist á nýjum stað við upphaf búnaðarskólans, uppi á hæð ofan við vesturjaðar túnsins, en lítið virðist hafa verið um mannvirki á gamla bæjarstæðinu eftir það, önnur en kálgarðar. Ekki er hægt að fullyrða að engin hús hafi staðið á skólasvæðinu fyrir 1880 eða þar um bil en sennilegt verður þó að telja að það hafi þá í mesta lagi verið útihús frá gamla bænum.

Leifar húsa og annarra mannvirkja

Leifar húsa sem fyrirhugað er að endurbyggja í Ólafsdal eru með ýmsu móti í dag: Rústir með uppistandandi, grjóthlöðnum og steiptum veggjum (sbr. fjós 004 og mjólkurhús 048), grjóthlaðnir grunnar með steiptum plötum undan timburhúsum (sbr. smiðju 003, gamla skólahúsið 005 og hjall 015) og grunnur sem er að mestu leyti steiptur (sbr. hlöðu 006). Rústir húsa úr torfi og grjóti, sem ekki er fyrirhugað að hrófla neitt við eru allt frá því að vera mjög stæðilegar (sbr. tóftir 023 og 009) niður í að vera rústir sem eru harla óljósar (sbr. útihús við minnismarkið 042) eða sem virðast jafnvel hafa verið sléttaðar niður í grunn (sbr. kvíar 013 og útihús 014). Flestar húsarústir sem eru þekktar nú eru af húsum sem hafa verið í notkun í tíð búnaðarskólans og sum húsanna hafa fyrst risið þá (sjást ekki á kortum 1888 en eru komin 1905). Þetta á t.d. við um mannvirki við mynni traðanna 012 (kvíar 013 og útihús 014) en sömuleiðis um fjós 004 - áður voru hús skammt vestan við það. Áform um uppbyggingu miða fyrst og fremst við húsaskipan eins og hún er sýnd á ljósmynd frá því um 1900 og túnakorti frá 1905. Þá hafði húsum í Steintröð verið fækkað úr tveimur í eitt, fjósið verið reist en önnur mannvirki horfið þar í kring og mannvirki við mynni traðanna (013 og 014) voru nýlega risin. Vatnsveituskurðir voru flestir komnir til sögunnar nokkru fyrr (sbr. túnakort 1884/1888) og sennilega hafa allar beðasléttur sem enn sjást sömuleiðis þegar verið til staðar ef marka má gamlar ljósmyndir. Óvíða sjást meiri beðasléttur en í Ólafsdal og talsverður hluti þeirra – og líklega þær elstu – eru innan marka deiliskipulags.

Eldri mannvirki

Fátt er vitað um húsaskipan eða ásýnd túnsins fyrr en skömmu eftir 1880. Flest bendir til að eftir þann tíma hafi skipulag breyst talsvert t.d. með færslu byggðakjarnans frá gamla bæjarstæðinu. Nokkur sýnileg mannvirki innan deiliskipulagssvæðisins eru að líkindum frá því fyrir tíð búnaðarskólans. Þetta á við um:

- óskilgreint mannvirki 019, sem er sýnt sem tóft á elstu túnakortum og virðist orðið mjög óljóst á ljósmynd frá því um 1900;
- garðlag 047, sem markar suðurhlið gamla túnsins og sést núorðið mjög óglögg, nema af loftmynd;
- veg upp að eldra bæjarstæði (sjá 095) en hann er að mestu utan við deiliskipulagssvæðið;
- útihús 042 sem er sýnt á elstu túnakortum og gæti verið meðal elstu sýnilegu mannvirkja á svæðinu og frá því fyrir búnaðarskólatímamann – ef marka má þá ákvörðun Torfa að slétta tengd mannvirki út (gerði 043 og úthús 074 - 042 stóð áfram);
- útihús 009 sem sjást þegar á elstu kortum en hafa sýnilega verið endurbyggð oft síðan, a.m.k. hluti þeirra.

Sennilegt er að við upphaf búnaðarskólans hafi mörk túnsins verið með svipuðu móti og sést á elstu túnakortum en vatnsveituskurðir sem þar eru sýndir, m.a. sá sem bæjarlækur rennur eftir eru verk Torfa og hans fólks. Þótt búið hafi verið í Ólafsdal til 1970 hefur ótrúlega litlu af upprunalegum hússtæðum, görðum og öðrum minjum sem sjást þegar á kortum 1884/1888 verið raskað og vatnsveituskurðir sem sjást á kortum frá þeim tíma sjást nær allir enn. Nokkur dæmi eru þó um að hús eða garðlög hafi verið sléttuð í tíð skólans (sjá t.d. útihús og garðlag í Steintröð, 043 og 074) og þá var túnið framan við skólahúsið sléttað um 1970 og hurfu þar traðir, útihús og kvíar (sjá minjar 012-014)

2.11 Um menningarlandslag, uppgræðslu og vernd

2.11 Um menningarlandslag, uppgræðslu og vernd

Auk endurbygginga húsa hefur Minjavernd uppi metnaðarfull áform um varðveislu menningarlandslags og heildarásýnd Ólafsdals. Þetta kemur víða fram í deiliskipulagsgreinargerð; til að mynda er fyrirhugað að byggja upp garðlög og kerruvegi og viðhalda áveitumannvirkjum að undangengnum rannsóknnum. Þetta er í samræmi við samning Minjaverndar og ríkisins sem fjallar um endurreisn bygginga og menningarlandslags á staðnum en skv. honum verður einnig unnið að því að klæða land gróðri í meira mæli en nú er.

Þrátt fyrir að hugtökin menningarlandslag/búsetulandslag komi fyrir í lögum um menningarminjar er ekki til afgerandi skilgreining á þeim og engin sérstök aðferðafræði hefur verið þróuð, hvorki í greiningu á viðfangsefninu eða leiðum sem ætti að fara í umsjón eða stjórnun tiltekinna svæða.¹ Hér verður stigið skref í átt til úrbóta, enda fáir staðir eins vel til þess fallnir og Ólafsdalur.

Inntakið í hugmyndum um menningarlandslag er að nauðsynlegt sé að huga að landslagi í heild sinni en ekki bara einstökum rústum eða minjum. Samhengi við umhverfi, örnefni og aðrar minjar er nauðsynlegt til að skilja og skynja minjastaði. Þá hefur maðurinn með búsetu sinni (beit, slætti, ræktun) haft mikil áhrif á gróður og ásýnd lands og gróðurfar er því mikilvægur þáttur í menningarlandslagi. Horft verður til þessara þátta við ákvarðanatöku um uppgræðslu.

¹ Hér má þó nefna skýrslu sem unnin var fyrir verkefnisstjórn 3. áfanga Rammaáætlunar, sjá Birna Lárusdóttir, Gísli Pálsson o.fl. 2016. Sömu leiðis skal bent á að með lögum um verndarsvæði í byggð (nr. 87/2015) eru að verða til aðferðir í greiningu byggðar á afmörkuðum reitum í þéttbýli sem fela í sér ýmsar hugmyndir tengdar landslagi. Þar er t.d. mælt til að greind sé lagskipting í þróun byggðar, varðveislugildi sé metið með tilliti til þess hvern þátt minjar eiga í svipmóti og yfirbragði svæðis, fjalla á um stöðu svæðis innan heildar og sömu leiðis skoða ýmsa þætti í landslagi sem eiga sér menningarsögulegar rætur. Sjá Guðný Gerður Gunnarsdóttir 2017.

Stefnumótun fyrir menningarlandslag í dalnum öllum verður sett fram í skýrslu um fornleifaskráningu á jörðinni sem er væntanleg. Eftirfarandi verður haft að leiðarljósi innan deiliskipulagsreits:


- Gerðar verði athuganir á áhrifum beitar til að halda gróðri í skefjum og til að viðhalda ákveðnu tegundavali.
- Gerðar verði tilraunir með áburð og slátt til að halda túnum í rækt og viðhalda beðasléttum.
- Girðingastæði verði valin með það í huga að slíta ekki sundur heildir á borð við beðasléttur, nýræktir Torfa, bæjarstæði, áveitukerfi o.s.frv. Sama á við um göngustíga.
- Gerðar verði ráðstafanir til að draga fram og vernda minjar frá því fyrir tíð búnaðarskólans, sem nú eru illsjáanlegar (garðlög, hússtæði, bæjarhóll).
- Þegar kemur til gróðursetningar innan svæðisins verði hún í samræmi við þessar hugmyndir, þ.e. með henni verði leitast við að draga fram sérkenni landslagsins og sögunnar sem það geymir. Lagt verði mat á áhrif á heildarásýnd svæðisins og minjar áður af henni verður.

3. SÉRSKILMÁLAR

3.1 Almennt

Öll starfsemi skal vera í fullu samræmi við byggingarreglugerð og önnur lög og reglugerðir sem við eiga, s.s. um hollustuvernd, mengun og hljóðvist. Byggingarreitir eru að jafnaði skilgreindir nokkuð rýmri en sem nemur grunnfleti hvers hús til þess að halda opnum möguleika á að víkja lítillega frá upphaflegri stærð þegar þannig háttar til að nýtt hlutverk hússins kallar á breytingu. Byggingarreitir verða staðsettir í þannig að fornleifar verði ekki í hættu. Leyfi Minjastofnunar Íslands, eða eftir atvikum álit, skal fylgja umsóknnum um byggingarleyfi sbr. VII kafla laga um menningarminjar frá 2012.

3.2 Lýsing og skilmálar fyrir mannvirki innan deiliskipulagssvæðisins



Skýringarmynd sýnir helstu hlutverk mannvirkja (mynd: LÍ).

3.2.1 Skólinn



Horft upp Tröðina og Skólahúsið (mynd: Jóhann Páll Valdimarsson).

Lýsing. Skólahúsið sem enn stendur í Ólafsdal reisti Torfi á árunum 1895-1896 eftir að eldra skólahúsið skemmdist í ofviðri. Er það alls um 400 m²; steinhlaðinn kjallari, hæð og ris. Algengt var að þar dveldu 35-40 manns (Rögvaldur Guðmundsson 2014). Sennilega stóð ekkert hús á þessum stað fyrir, enda er eldra bæjarstæði ofar í túninu og utan deiliskipulagsreits.

Húsið verður notað sem gistihús og gert er ráð fyrir lítilsháttar breytingu á innri skipan. Gert er ráð fyrir heimild til þess að byggja stigahús með lyftu við bakhlíð hússins til að bæta aðgengi að öllum hæðum og annað minna við suðurgafli sem rýmingarleið. Kjallari skólahússins verður tengdur nýjum kjallara undir smiðjunni með neðanjarðargangi.

3.2.2 Gamla skólahúsið -Suðurhúsið (Nr. 3 á ljósmynd, nr. 005 í fornleifaskrá)



Til vinstri sést Gamla skólahúsið fyrir miðri mynd. Stóra húsið hægra megin er nýi skólinn. Framan við hann er smiðjan hægra megin (mynd: Ljósmyndasafn Íslands). Til vinstri sést í grunn gamla skólahússins (mynd:HS).


Gamla skólahúsið (suðurhúsið): Árið 1880 var búnaðarskólinn í Ólafsdal stofnsettur og það ár var reist nýtt, tvílyft íbúðarhús á jörðinni á hlöðnum kjallara.

Til byggingarinnar var keyptur rekaviður og norskt timbur. Húsið virðist hafa verið byggt í a.m.k. tveimur áföngum og annar þeirra gerður af nokkrum vanefnum. Líklega hefur seinni áfanginn verið byggður 1888. Vísbendingar eru um að múrsteinn hafi verið í grindinni. Húsið skemmdist mikið í óveðri árið 1895 og í kjölfarið var ákveðið að reisa nýtt hús. Gamla húsið var flutt til suðurs á nýjan grunn, líklega þó aðeins eldri hluti hússins, sem var vandaðri, en nýi skólinn reistur á grunni og kjallara þess gamla sem hafði verið stækkaður til norðurs.

Ekki liggja fyrir óyggjandi upplýsingar um stærð gamla skólahússins en vera kann að hægt sé að finna þær í skjölum skólans. Í skýrslu um skólann frá 1888 kemur fram að gamli skólinn var lengdur það ár og varð þá $25 \frac{1}{4}$ alin á lengd (15,8 m) og $9 \frac{1}{2}$ alin á breidd (5,9 m). Grunnur hússins þar sem það stóð eftir flutning er enn til staðar og vitnar um stærð þess, en hann er grjóthlaðinn og einnig með steypuleifum, rúmir 7 x 6 m að stærð frá norðri til suðurs. Af ljósmyndinni að dæma var húsið undir það síðasta um það bil 40% af lengd nýja skólans eða um 7,5 m. Ekki er víst að gamla húsið hafi verið jafn breitt því nýja. Vel má vera að grunnurinn hafi verið endurhlaðinn að nokkru leyti áður en nýi skólinn reis. Gamla skólahúsið var kallað Suðurhúsið. Það skemmdist mikið í roki einhvern tíma á árunum 1924 – 1927. Þá var húsið lækkað um eina hæð og sett á það nýtt þak. (sjá bls. 240 í sögu skólans). Húsið var rifið um eða skömmu eftir 1980.

Gamli skóli verður endurbyggður á grunni sínum sem tveggja hæða hús í svipaðri mynd og var upphaflega. Byggingarreitur er skilgreindur 8x12 m.

3.2.3 Mjólkurhúsið/Vatnshús (Nr. 1 á ljósmynd, nr. 048 í fornleifaskrá)




Til vinstri sjást teikningar frá Ólafsdalsskóla um 1889 af Mjólkurhúsinu. Mynd (t.h.) sýnir gamla grunninn af Mjólkurhúsinu (mynd:HS).

Lýsing. Mjólkurhúsið var byggt skólaárið 1888 – 1889 og var í daglegu tali nefnt Vatnshúsið. Bæjarlæknum var veitt um langa leið að bænum og látinn renna gegnum austurhluta hússins þar sem var mjólkurhús. Vatnið var þar nýtt til kælingar. Um tíma var hér einnig ostagerð. Í fremri hluta hússins var þvottahús með tvennum hlóðum undir miklum pottum. Það nýttist einnig sem útielhdús, m.a. til að sjóða slátur. Inn af þvottahúsinu til norðurs var ösku- og sorphús. Við norðurgaflið stóð þrískiptur kamar. Rétt sunnan við Vatnshúsið var hluta Bæjarlækjarins veitt með röri í djúpan brunn, undir bísлагinu við skólahúsið, þaðan sem dælt var upp til heimilisnota.

Veggir mjólkurhússins eru enn uppi standandi og innan veggja má sjá ummerki um húsaskipan og auk þess steypa þró í mjólkurhúsi og leifar af múrsteinahleðslum í þvottahúsi. Í ráði er að gera við húsið og finna því not sem hæfa rekstri staðarins. Byggingarreitur er skilgreindur 9x9 m.

3.2.4 Smiðjan (Nr. 8 á ljósmynd, nr. 003 í fornleifaskrá)



Til vinstri sjást teikningar af Smiðjunni. Til hægri sést smiðjan (myndi: LÍ).

Lýsing. Einhvern tíma á árunum 1880 – 1888 var byggð smiðja í Ólafsdal, 10 álna löng, 5 álna breið og 5 ½ alin á hæð (6,3x3,15x3,5m). Grunnur hennar er skammt norðan við Vatnshúsið, grjóthlaðinn að mestu en nú nær algróinn. Meðfram allri austurhlíð smiðjunnar var lægri skúrbygging. Smiðjan var rifin skömmu eftir 1936 en það ár fæk þakið af mjólkurhúsinu og á smiðjuna sem skekkist á grunni sínum. Á ljósmyndinni má sjá að stétt hefur verið meðfram norður- og vesturhlíðum smiðjunnar eða steinkantur og sjást leifar hennar enn meðfram norður- og vesturhlíð.

Smiðjan verður endurreist á grunni sínum sem næst upprunalegri mynd og henni fengin not sem henta starfsemi staðarins. Byggingarreitur er skilgreindur 8x8 m. Kjallari undir smiðjunni mun hýsa tækniúnað vegna skólahússins og geymslur. Hann verður tengdur kjallara skólahússins með neðanjarðargangi.


4.2.5 Hjallur (nr. 015 í fornleifaskrá)



Hjallurinn framan við gamla skólahúsið (mynd: LÍ).

Lýsing. Ármegin við Suðurhúsið má sjá móta óljóst fyrir grunni Hjallsins. Hjallurinn var stórt þurrkhus með malargólfi og rimlum í lofti. Hægt var að opna hlera á báðum hliðum til að þurrka þvott. Hjallurinn var byggður fyrir 1899 en ekki hafa fundist frekari heimildir um hann. Hann sést á túnakorti 1905. Hjallurinn var rifinn skömmu fyrir 1963. Hjallurinn verður endurreistur sem næst upprunalegri mynd og honum fengið viðeigandi hlutverk. Byggingarreitur er 6x8 m.

4.2.6 Fjós og haughús (Nr. 4 og 5 á ljósmynd, nr. 004 í fornleifaskrá)



Til vinstri sjást teikningar af fjós (mynd: LÍ). Til hægri sést í grunnin af fjósinu (mynd: HS).

Lýsing. Hér standa veggir af 15 kúa fjósi sem reist var skömmu fyrir aldamótin 1900. Fjósið sést ekki á eldri túnakortum 1884/1888 en kemur fram á korti 1905. Veggirnir eru hlaðnir úr grjóti sem hefur verið sprengt og fleygað og límt á milli steina með steypu eða steinlími. Hluta af bæjarlæknum var veitt í brunn inni í fjósinu. Haughús með hlöðnum grjótveggjum var sunnan við fjósið en það er nú horfið. Vestan við fjósið var annað haughús með mykjukjallara og rás var fyrir mykjuna milli flórsins og haughússins. Enn sér fyrir þessum mannvirkjum. Í ráði er að gera við fjósið og haughúsið og finna húsunum not sem henta rekstri staðarins. Byggingarreitur er markaður 10x30 m.

3.2.7 Fjóshlaða og hesthús (nr. 006 í fornleifaskrá)



Horft yfir leifar af grunnnum hlöðu og hesthúss (mynd: HS).

Lýsing. Á barðbrúninni skammt vestan við fjósið var fjóshlaðan. Hún var höfð kippkorn frá fjósinu vegna þeirrar eldhættu sem stafaði af heyinu. Hlaðan var timburhús og undirstöður þess eru á sínum stað, að nokkru leyti úr steinsteypu. Við suðurenda hlöðunnar var hesthús úr torfi og grjóti fyrir 12 hesta og sneri dyrum til vesturs að ánni. Ekki sjást nú merki um það. Súrheysgryfjur voru áfastar þessum húsum. Hlaðan er sýnd á þessum stað á túnakorti 1905 en fyrir þann tíma virðist hafa verið annað hús á sömu slóðum, heldur styttra.

Í ráði er að endurbyggja húsin í svipaðri mynd og upphaflega en þeim verður fengið nýtt hlutverk sem hæfir starfsemi staðarins. Byggingarreitur er skilgreindur 15x20 m.

3.2.8 Torfkofi (Nr. 2 á ljósmynd, nr. 080 í fornleifaskrá)

Lýsing. Sunnan við mjólkurhúsið var torfkofi sbr. ljósmynd frá 1900. Ekki er vitað um hlutverk hans með fullri vissu, en í skýrslu yfir framkvæmdir á vegum skólans árið 1895 er getið torfhúss sem nefnt er eldiviðarhús og sorphús, 22x5x5 álnir að stærð. Telja verður líklegt að slíkt hús hafi verið nærri skólahúsinu. Greinilega sér móta fyrir rústum kofans við mjólkurhúsið. Hann er ekki sýndur sem sérstakt hús á túnakortum.

Gert er ráð fyrir að torfkofinn verði endurbyggður í svipaðri mynd og áður var. Ekki verður hreyft við rústum hans en nýr kofi byggður í svipaðri mynd norðan við rústina og austan við smiðjuna. Byggingarreitur er markaður 8x8 m, nokkru stærri en sem nemur grunnfleti hússins svo að svigrúm verði til að laga nýja kofann að þeirri notkun sem hentar starfsemi staðarins.

3.2.9 Rústir fjárhúss, fjárhúshlöðu, hrútakofa, hænsnakofa og kvía (Nr. 10 á ljósmynd, nr. 013 og 014 í fornleifaskrá)

Lýsing. Norðvestan skólahússins, við enda traðanna, var fjárhús og hrútakofi með hlöðu auk hænsnakofa. Hinum megin við traðirnar, andspænis fjárhúsunum voru kvíar. Ekki eru lengur sjáanlegar rústir þessara mannvirkja á yfirborði en talið er að þeim hafi verið eytt með jarðýtu þegar traðirnar voru sléttaðar. Ekki er hægt að útloka að einhverjar hleðsluleifar finnist undir sverði. Þessi mannvirki eru ekki á elstu túnakortum 1884/1888 en sjást vel á korti frá 1905 og hafa væntanlega verið reist í millitíðinni.

Gert er ráð fyrir að þessi mannvirki verði öll endurbyggð með svipuðu sniði og áður og þeim fundin not sem henta rekstri staðarins. Markaður er byggingarreitur, 10x30 metrar að stærð.

3.2.10 Óþekkt hús norðan við skólahúsið (Nr. 11 á ljósmynd, nr. 042 í fornleifaskrá)


Lýsing. Á túninu norðan við skólahúsið var lágrest torfhús. Ekki hafa fundist heimildir um til hvaða nota það var haft en í skýrslu um framkvæmdir á vegum skólans ári 1895 er getið mógeymsluhúss sem var 20x6x6 álnir að stærð. Vera kann að hér sé um að ræða rústir þess húss. Rústirnar eru nú nær alveg jarðlægar en sjást þó á loftmynd. Á þessum slóðum eru tvö útihús og áfast gerði á elstu túnakortum 1884/1888 en neðra húsið og gerðið hafa vikið á yngri kortum frá 1905 og 1918.



Skýringarmynd af húsum í Ólafsdal (mynd: LÍ).

Gert er ráð fyrir að útihúsið megi endurbyggja í svipaðri mynd og áður var. Ekki verður hreyft við rústum þess en nýtt torfhús byggt í svipaðri mynd við hlið rústarinnar. Byggingarreitur er markaður 8x12 m, nokkru stærri en sem nemur grunnfleti hússins svo að svigrum verði til að laga nýja útihúsið að þeirri notkun sem hentar starfsemi staðarins.

3.2.11 Tóvinnuhús og Vélalækur (Nr. 12 á ljósmynd, nr. 063 og 054 í fornleifaskrá)



Teikning af tóvinnuhúsinu í Ólafsdal frá árinu 1906 eftir Þorstein Tómasson.

Lýsing. Árið 1898 var reist tóvinnuverksmiðja í Ólafsdal.

Efnið í húsið var keypt í Noregi. Tóvinnuhúsið var tveggja hæða, 16 álnir á lengd og 14 álnir á breidd (10x8,8 m). Neðra gólfíð var steinsteypt. 200 rúður voru í gluggum þess. Húsið kostaði 4768 krónur, þar af fyrir flutning og smíði 1700 kr. Tóvinnuvélarnar voru knúnar vatnsafli. Vatnið var leitt eftir skurði og þaðan eftir stokki að hverfihjóli við norðurgafli hússins. Reykháfur með ofni var við suðurgafli. Húsin brunnu til kaldra kola árið 1909. Grunnur tóvinnuhússins er enn á sínum stað. Ummerki eftir vatnsveitu að húsinu eru greinileg. Ekki eru þekktar ljósmyndir af þessu húsi önnur en sú sem er á lokasiðu þessa skjals þar sem tóvinnuhúsið sést úr mikilli fjarlægð.

Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir að byggingarreitur tóvinnuhússins verði 18x10 m. Húsið verður endurreist í svipaðri mynd og áður en það verður innréttað sem gistihús. Til álita kemur að vatnsveitukerfið verði endurbætt í svipaðri mynd og áður var.



Horft yfir grunninn af tóvinnuhúsinu (mynd: HS).

3.2.12 Fjánhús- og hlöðutóftir sunnan Hávallar (Nr. 13 á ljósmynd, nr. 009 í fornleifaskrá)



Horft yfir gróinn grunn af fjárhúsi og hlöðutóftir (mynd: HS).

Lýsing. Sunnan við Háavöll er samfelld tóftaröð í túnjaðrinum. Um tvær tóftir er að ræða og er nyrðri hluti hennar tvískiptur. Sá hluti er fjárhústóft með tvístæðingi. Hlaða er að sunnanverðu, í miðju. Syðri hluti tóftanna er eldri. Þessi hús eru sýnd á elstu túnakortum frá 1884/1888 og voru enn við lýði eftir að búnaðarskólinn leið undir lok.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir byggingarreit skammt vestan við rústirnar þar sem heimilað er endurreisa torfhúsin í lítillega breyttri mynd þannig að finna megi þeim not við hæfi. Byggingarreiturinn er 10x90 m.

3.2.13 Fjánhús- og súrheystóftir (Nr. 14 á ljósmynd, nr. 023 í fornleifaskrá)



Horft yfir tóftir (mynd: HS).

Lýsing. Í túnjaðrinum vestan við fjárhúsin (4.2.11) er önnur tóftalengja, fjárhús með súrheysgryfju.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir byggingarreit skammt austan við rústirnar þar sem heimilað er að endurreisa húsin í lítillega breyttri mynd þannig að finna megi þeim not við hæfi. Byggingarreiturinn er 8x20 m. Þessi hús eru ekki sýnd nema á yngsta túnakortinu, frá 1918, en hugsanlega eru þau ekki sýnd á hinum þar sem þau eru fast utan við túnjaðar. Þau sjást vel á ljósmynd frá því um 1900.


3.2.14 Bæjarlækurinn (nr. 064 í fornleifaskrá)



Horft eftir Bæjarlæknum (mynd: HS).

Lýsing. Í skólareglum sem samþykktar voru við stofnun skólans árið 1880 kemur fram að eitt af því sem kenna skal verklega við skólann eru vatnsveitingar: „Kennarinn skal venja piltana við að gjöra seiltrennur, skurði og stíflugarða til vatnsveitinga. Þar að auki skal hann láta piltana á víxl gæta þeirra vatnsveitinga, er hann hefir, eftir þeim reglum er hann álitur bestar. Einnig skal hann kenna þeim hallamælingar, svo að þeir geti lagt láréttar rennur, skurði með ákveðnum halla og fundið réttan hæðarmun á löngum og ósléttum vegi.“ Bæjarlæknum í Ólafsdal var veitt um langan veg til þess að láta hann renna í gegnum Mjólkurhúsið á skólahlaðinu og til þess að fæða brunn inni í fjósinu. Skurðakerfið er sýnilega allt til staðar á elstu túnakortum frá 1884/1888 og virðist óbreytt síðan. Lækurinn rennur enn af trúmennsku um þennan manngerða farveg en þó er þörf á lagfæringu allvíða en einkum þar sem hann fer um Mjólkurhúsið. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir því að lækjarfarvegurinn verði rannsakaður og honum haldið við í svipaðri mynd og verið hefur frá upphafi.

3.2.15 Traðirnar heim að bænum (012 í fornleifaskrá)



Skýringarmynd sýnir traðir og kvíar (mynd: LÍ).

Lýsing. Vegurinn heim að Ólafsdal lá um langar traðir með hlöðnum grjót- og torfveggjum á báðar hliðar. Traðirnar náðu frá vesturjaðri túnsins á barðinu að norðvesturgafli skólans. Sunnan megin við traðarmunnann voru fjárhús en norðan megin voru kvíar. Sennilega hafa traðirnar verið hlaðnar upp úr eldri heimreið sem náði alla leið upp að gamla bæjarstæðinu, en upp við það sjást leifar af vegi sem líklega er eldri, sjá 095. Úr tröðunum voru steinhlaðnar tröppur þar sem gengið var að framdyrum skólans. Skömmu eftir 1970 var tröðunum eytt með jarðýtu sem ruddi efni þeirra og mannvirkjanna við traðarendann fram af barðinu. Ólafsdalsfélagið lét endurhlaða hluta af suðurvegg traðanna fyrir fáum árum. Í ráði er að því verki verði haldið áfram og traðirnar allar endurhlaðnar. Þær verða hafðar nógu breiðar til þess að hægt verði að aka bifreiðum um þær til fólks- og vöruflutninga að skólahúsinu.

3.2.16 Leifar kerruvegar milli skólans og tóvinnuhússins og að mógröfum (Nr. 15 á ljósmynd, nr. 007 í fornleifaskrá)



Horft yfir leifar kerruvegar (mynd: HS).

Lýsing. Vegur var lagður milli skólans og mógrafa sunnan túns. Auk þess gæti vegarspotti ofan við tóvinnuhús hafa verið tengdur leiðinni. Drjúgan hluta leiðarinnar sér enn móta fyrir veginum með upphlöðnum jöðrum. Í skólaskýrslu fyrir árið 1885-1886 er gerð grein fyrir þeim verkum sem unnin voru það árið. Meðal annars er eftirfarandi: „Vagnbrautir vegna

móflutninga og annarra flutninga, 5 álna breiðar....“ Vegurinn sést ekki á eldri túnakortum en er merktur á þeim yngri frá 1905 og 1918.

Brautir þessar voru upphlaðnar en eru nú orðnar ógreinilegar á köflum.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir að vegurinn verði lagfærður og endurbættur. Rannsaka þarf upphaflega gerð vegarins með könnunarskurði svo hægt verði að haga endurbótum með sama hætti.

3.2.17 Túnvegurinn upp að gamla bæjarstæðinu (nr. 095 í fornleifaskrá)



Horft yfir túnveginn þar sem gamla bæjarstaðið var (mynd: YPL).

Lýsing : Frá skólahúsinu vegur til austurs, í átt til fjalls. Hann mun hafa legið upp að gamla bæjarstæðinu, sem var um það bil þar sem núverandi kálgarður er.

Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir að brautirnar verði endurbættar með grjóthlöðnum jöðrum og þær verði notaðar áfram til fólks- og vöruflutninga.

3.2.18 Tækjaskemma, nýbygging

Lýsing : Byggð verður skemma til að hýsa tæki, verkfæri og byggingarefni sem þörf verður á vegna framkvæmda og rekstrar staðarins. Skemmunninn er valinn staður austan heimreiðarinnar þar sem vegurinn liggur frá áreyrunum upp brekkuna. Þar verður skemman felld inn í bakkann svo hún breyti lítið á sýnd staðarins frá aðkomuveginum. Skemman verður úr steinsteypu, ein hæð með lágu risþaki. Hámarksstærð 200 m². Við hönnun hússins verður leitast við að það renni saman við landslagið. Húsið verður að mestu leyti hulið jarðvegi á þrjá vegu.

4. UMHVERFISÁHRIF

Tillaga deiliskipulags hefur að markmiði að taka tillit til umhverfisverndarsjónarmiða og draga úr áhrifum á umhverfi. Í tillögunni er ekki gert ráð fyrir neinum framkvæmdum sem falla undir lög um umhverfismat framkvæmda nr. 106/2000.

5. AUGLÝSING

5.1 Auglýsingatími

Deiliskipulagstillagan var auglýst frá 10. nóvember til 23. desember 2016

5.2 Athugasemdir og afgreiðsla

1. Ábúendur við Ólafsdal (Arnar Eysteinnsson og Pröstur Harðarson), dags. 23. 12.16. Í gegnum skipulagssvæðið liggur slóði sem bændur hafa notað í smalamenskum á haustin og til að vitja fjár yfir sumarið. Undirritaðir leggja til að umgengnisréttur verði tryggður svo hægt sé að keyra í gegnum skipulagssvæðið og inn í dalinn. Í greinargerð er ekki tilgreint hvort eða hvernig girða eigi svæði af. **Afgreiðsla:** Ferðaleið eða akfær slóði verður áfram neðan bakka inn að Tóvinnuhúsi. Ekki liggur fyrir hvernig girðingarmálum verður háttað að öðru leyti en því að hún verður ekki innan deiliskipulagssvæðisins.

2. Breiðafjarðarnefnd, dags. 22.11.16. Gerir ekki athugasemd við deiliskipulagið.

3. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, dags. 22.11.16. Óskað er eftir upplýsingum um stærð á núv. rotþró og gerð og ennfremur lýsingu á vatnsbóli (stærð vatnstanks, lagnir og umhverfi) og lagnaleiðir. Gerð er krafa um skýli fyrir sorpílát. **Afgreiðsla:** Þeim upplýsingum hefur verið bætt inn í greinargerðina.

4. Minjastofnun, dags. 15.11.16. Gerir ekki athugasemd við deiliskipulagið en bendir á að hafa þarf samráð við, og sækja um leyfi Minjastofnunar ef reisa á eða endurbyggja hús í Ólafsdal, hvort sem er á upprunalegum grunnnum eða í nánd við þá og ennfremur er vakin athygli á 2.mgr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. **Afgreiðsla:** Í kafla 4.1. segir „Byggingarreitir eru að jafnaði skilgreindir nokkuð rýmri en sem nemur grunnfleti hvers húss til þess að halda opnum möguleika á að víkja lítillaga frá upphaflegri stærð þegar þannig háttar til að nýtt hlutverk hússins kallar á breytingu. Byggingarreitir verða staðsettir þannig að fornleifar verði ekki í hættu“.

Vakin er athygli á 2.mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. **Afgreiðsla:** Minjavernd mun hafa samráð við Minjastofnun ef forminjar sem áður voru ókunnar koma í ljós við framkvæmd.

5. Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 23.12.16. Gerir ekki athugasemdir en bendir á að á einum stað virðist byggingarreitur, merktur 96-4.2.10, vera fast við minjar. **Afgreiðsla:** Sjá svar við athugasemdum frá Minjastofnun.

6. Orkustofnun dags. 10.11.16. Gerir ekki athugasemd við deiliskipulagið.

7. Ólafsdalsfélagið dags. 23.12.16a. (Meðfylgjandi var einnig greinargerðin með athugasemdum og ábendingum vegna innsláttarvillna og tilvísana í heimildir, merkt rafrænt. Engar efnislegar athugasemdir). **Afgreiðsla:** Greinargerð hefur verið yfirfarin í samræmi við þessar athugasemdir og ábendingar.

8. Samgöngustofa dags. 18.11.16 Gerir ekki athugasemd við deiliskipulagið.

9. Umhverfisstofnun dags. 12.12.16. Í ljósi hlutverks og starfsemi Náttúrufræðistofnunar og umfangs, eðlis, staðsetningu og þeirra áhrifa sem framangreint deiliskipulag er líklegt til að hafa á náttúrufar gerir stofnunin engar athugasemdir við skipulagið. Stofnunin bendir á að á einum stað virðist byggingarreitur, merktur 96 - 4.2.10, vera fast við minjar. Mikilvægt er að haft sé samráð við Minjastofnun, sem vafalaust verður gert, um allar byggingar. **Afgreiðsla:** Minjavernd mun hafa samráð við Minjastofnun ef forminjar sem áður voru ókunnar koma í ljós við framkvæmd.

10. Veðurstofa Íslands dags. 30.11.16 Gerir ekki athugasemd við deiliskipulagið.

11. Vegagerðin, dags. 20.12.16. Gerir ekki athugasemd við deiliskipulagið.

5.3 Afgreiðsla eftir auglýsingu

Deiliskipulagið var samþykkt í sveitarstjórn Dalabyggðar 17. janúar 2017 og sent Skipulagsstofnun til yfirferðar samkvæmt 1.mgr. 42.gr. skipulagslaga nr.123 2010.. Skipulagsgöngin hafa verið yfirfarin og lagfærð í samræmi við svarbréf Skipulagsstofnunar dags. 10.febrúar hefur.

6. HEIMILDASKRÁ

1. Aðalskipulag Dalabyggðar 2014-2026. Landmótun 2009.
2. Arnar Guðmundsson. Fræðslustígur um Ólafsdal
3. Arnar Guðmundsson og Guðmundur Rögnvaldsson. Staðsetning örnefna á uppdráttum skv. skrá Örnefnastofnunar
4. Birna Lárusdóttir, Edda Waage, Gísli Pálsson og Guðbjörg R. Jóhannesdóttir. 2016. Gildi landslags: fagurfræði, menningarminjar og saga. Rammaáætlun/Háskóli Íslands
5. Guðný Gerður Gunnarsdóttir. 2017. Leiðbeiningar (3). Verndarsvæði í byggð. Tillaga og greinargerð. Minjastofnun Íslands
6. Ragnhildur Helga Jónsdóttir og Bjarni Guðmundsson. Ræktunarmínjar í Ólafsdal. Plógur, vefrit Landbúnaðarsafns Íslands. Desember 2016
7. Byggingarreglugerð nr. 112/2012
8. Fornleifastofnun Íslands 2016. Fornleifaskrá fyrir Ólafsdal, sjá viðhengi
9. Játvarður Jökull Júlíusson. Saga Torfa Bjarnasonar og Ólafsdalsskóla 1880-1907, (1986).
10. Lög um mannvirki nr. 160/2010
11. Minjastofnun Íslands. www.minjastofnun.is
12. Ljósmyndasafn Íslands: Myndir frá Ólafsdal frá fyrri hluta 20. aldar, birtar með leyfi Ljósmyndasafns Íslands.
13. Lög um menningarminjar nr. 80/2012
14. Rögnvaldur Guðmundsson. Endurreisn Ólafsdals í Gilsfirði, sjálfbær menningar- og nýsköpunarsetur á 21. öld, Saga og uppbyggingaráætlanir, 2014
15. Skipulagslög nr. 123/2012
16. Skipulagsstofnun 2013. Leiðbeiningarblað 9, nýtt deiliskipulag
17. Skipulagsreglugerð nr. 90/2013
18. Samningur um endurreisn bygginga og menningarlandslags 19. ágúst 2015
19. Samningur um verndun, uppgræðslu og umsjón menningarlandslags í Ólafsdal 19. ágúst 2015
20. Veðurstofa Íslands. Umsögn vegna skipulagslýsingar 2016

Ljósmyndir:

Birna Lárusdóttir (BL)

Hjörleifur Stefánsson (HS)

Ljósmyndasafn Íslands (LÍ)

Rögnvaldur Guðmundsson (RG)

Yngvi Þór Loftsson (YPL)

7. VIÐAUKI-FORNLEIFASKRÁ
